

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2010

frá 2. júlí 2010

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1136/2009 frá 25. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 1 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1142/2009 frá 26. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 17 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1164/2009 frá 27. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 18 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1165/2009 frá 27. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 4 og 7 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1171/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 311, 26.11.2009, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 15.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 21.

ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 9 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 39⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við samninginn:

- „– **32009 R 1136:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1136/2009 frá 25. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 311, 26.11.2009, bls. 6).
- **32009 R 1142:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1142/2009 frá 26. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 8).
- **32009 R 1164:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1164/2009 frá 27. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 15).
- **32009 R 1165:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1165/2009 frá 27. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 21).
- **32009 R 1171:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1171/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1136/2009, 1142/2009, 1164/2009, 1165/2009 og 1171/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.